

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 467 23. ágúst 1982 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr flokki A í 1. gr. reglugerðarinnar: 20.07.11 til og með 20.07.70, 21.07.07, 21.07.08, 22.01.01 og 22.02.01 til og með 22.03.09.

2. gr.

Sérstakt vörugjald af drykkjarvörum sem flokkast undir tollskrárnúmer 21.07.12 og 21.07.19 í flokki A í 1. gr. reglugerðarinnar falli niður.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald öðlast gildi frá og með 1. apríl 1984.

Fjármálaráðuneytið, 30. mars 1984.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 313 13. maí 1983 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl., sbr. reglugerð nr. 594 8. ágúst 1983 og reglugerð nr. 811 23. desember 1983 um breyting á henni.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í þessu sambandi reiknast hver vindill vega 5 g, hver smávindill 2,5 g og hver vindlingur 1,25 g. Smávindlar sem eru 1,5 g og léttari reiknast sem vindlingar. Miða skal við að hver flaska af öli innihaldi 0,5 l og skal flöskutala, sbr. 1. mgr., breytast til samræmis við frávik þar frá. Sé um innlent öl að ræða í 33 cl umbúðum er heimilt að koma með til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda allt að tvöföldu því magni í flöskum talið, sem upp er gefið í 1. mgr.

2. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi